

**9. gr.**

Endurskoðendur skulu vera tveir, tilnefndir af hreppsnefnd.

**10. gr.**

Skipulagsskrá fyrir minningarsjóðinn, sem staðfest var 9. marz 1965, fellur úr gildi.

8. október 1968.

Nr. 259.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hans Adólfs Hjartarsonar:** Náms- og ferðasjóður, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. október 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hans Adólfs Hjartarsonar:  
Náms- og ferðasjóður.

**1. gr.**

Sjóðurinn er stofnaður 1. marz 1951 af Hjúkrunarfélagi Íslands til minningar um Hans Adólf Hjartarson, sem lézt það ár.

Stofnfé sjóðsins er kr. 11 000.00.

Sjóðurinn veitir móttöku gjöfum frá félagsmönnum og öðrum, sem kunna að vilja styrkja sjóðinn.

**2. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hjúkrunarkonur í ofangreindu félagi til frekara náms, og eins til ferðalaga í sambandi við félagsmál.

**3. gr.**

Sjóðinn skal ávaxta í banka, og má aldrei skerða höfuðstólinn.

Sjóðinn skal ávaxta þar til hann er orðinn kr. 100 000.00. Að því búnu má verja allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum af árlegum vöxtum sjóðsins til styrkveitinga, en hinn hlutinn skal lagður við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 200 000.00. Að því búnu má verja öllum vöxtunum til styrkveitinga, ef með þarf.

Fyrst í stað skal úthluta styrkjum úr sjóðnum annað hvert ár, þar til stjórn sjóðsins ákveður annað.

**4. gr.**

Nú skyldi eitthvert ár eigi vera úthlutað styrk úr sjóðnum, og leggjast þá allir vextirnir við höfuðstólinn.

**5. gr.**

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af þremur aðilum. Skal einn vera formaður Hjúkrunarfélags Íslands, annar skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands, en hinn þriðji skal kosinn á aðalfundi félagsins til fjögurra ára í senn, um leið og formannskjör fer fram. Þá skulu og kosnir tveir endurskoðendur að reikningum sjóðsins.

**6. gr.**

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd styrkveitinga og reikningshald sjóðsins. Skal sjóðurinn hafa sérstaka bók, og skal skipulagsskrá þessi innfærð í hana, svo og styrkveingar allar og reikningar.

**7. gr.**

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Eftir hver árslok skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir, en síðan skulu reikningarnir samþykktir af aðalfundi félagsins.

**8. gr.**

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð til hjálpar heyrnardaufum börnum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. október 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Fyrir styrktarsjóð til hjálpar heyrnardaufum börnum.

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður til hjálpar heyrnardaufum börnum“. Hann er stofnaður af minningargjöf um hjónin Ingibjörgu Þóru Kristjánsdóttur Kúld, f. 12. apríl 1877, og Þorgrím Jónsson, bónda að Laugarnesi, f. 27. febrúar 1873, og því jafnframt minningarsjóður um þau hjón. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík og er stofnfé hans kr. 50 000.00 — fimmtíu þúsund krónur.

**2. gr.**

Sjóðnum er ætlað að afla fjár með því að selja minningarkort, taka á móti gjöfum og áheitum o. s. frv.

**3. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja heyrnardauf börn til sjálfsbjargar og skal það gjört á hvern þann hátt, sem sjóðsstjórnin telur heppilegast hverju sinni.

**4. gr.**

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörzlu þriggja manna sjóðsstjórnar. Skal hún skipuð skólastjóra Heyrnarleysingjaskólans í Reykjavík, einum tilnefndum af félagi foreldra heyrnardaufra barna, og einum tilnefndum af menntamálaráðuneytinu.

**5. gr.**

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í ríkistryggðum verðbréfum eða í sparisjóðsbókum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

**6. gr.**

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal vexti við höfuðstól þar til ársvextir nema kr. 10 000.00. Eftir það má nota  $\frac{2}{3}$  vaxta samkvæmt tilgangi sjóðsins.

**7. gr.**

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef hún er einhuga um breytinguna.